

*Endurákvörðun aðflutningsgjalda

Úrskurður nr. 4/2000.

Tollstjóri endurákvæðar aðflutningsgjöld af 11 vörusendingum. Um er að ræða hluti í brunaviðvörðunarkerfi. Kærandi hafði tollflokkað hlutina eins og fullbúin kerfi en tollstjóri tollflokkaði þá í hin ýmsu tollskrárnúmer. Ríkistollstjóri vildi staðfesta gerð tollstjóra með breytingum. Ríkistollanefnd staðfesti kröfur ríkistollstjóra í málinu.

Lög nr. 55/1987 99. gr., 101. gr. Reglugerð 61/1989 10. gr.

Með bréfi, dags. 7. maí árið 2000, sem barst nefndinni 10. s.m., kærir N. ehf. þá ákvörðun tollstjóra að endurákvæða aðflutningsgjöld af 11 vörusendingum sem fyrirtækið hafði flutt inn. Um er að ræða vörur til brunaviðvörðunarkerfa. Hækkun aðflutningsgjalda nemur kr. 392.438,- auk dráttarvaxta. Kærandi gerir kröfu um að allir hlutir sem tengjast þessum brunaviðvörðunarkerfum verði tollflokkaðir, eins og um fullbúið kerfi væri að ræða þ.e. í tnr. 8531-9000.

Í hinna kærðu endurákvæðun tollstjóra kemur fram að um er að ræða sendingar sem hlotið höfðu SMT-tollafgreiðslu og ET-tollafgreiðslu. Sendingar þessar höfðu að geyma tilteknar vörur sem að mati embættisins voru ranglega flokkaðar í tollskrárnúmer 8531-9000.

- 1) Sending nr. F 775 11 08 9 DE CGN Z033 (s) inniheldur lýsingartæki og hluta til þess (neyðarljós). Voru vörur þessar flokkaðar í tnr. 8531-9000, þ.e. sem hlutar til öryggiskerfa, en að mati embættisins skulu þær flokkast í tnr. 9405-1009.
- 2) Sending nr. F 775 26 08 9 DE CGN Z055 (s) inniheldur tengibúnað sem flokkaður var í tnr. 8531-9000, þ.e. sem hlutar fyrir öryggiskerfi. Tollstjóri breytir flokkuninni í tnr. 8536-9000.
- 3) Sending nr. F 303 02 02 9 NO OSL 5051 (s) inniheldur sjónvarpseftirlitskerfi sem samanstendur af myndavélum, skjám, festingum, linsum o.fl. Var kerfið flokkað í tnr. 8531-8000 og tnr. 8531-9000 en embættið telur að tollflokka beri sjónvarpseftirlitskerfi í tnr. 8528-1209. Tollstjóri hefur áður leitað álits finnskra og sænskra tollfyrivalda á tollflokkan slíkra kerfa sem hér um ræðir og er niðurstaða þeirra hin sama og viðtekin hefur verið hér á landi og úrskurðir héraendis hafa tekið á. Kerfi þessi eru til eftirlits (*“for monitoring”*) og telst því skjárinn gegna höfuðhlutverki í notkun slíkra kerfa. Til eru sænskir, finnskir og íslenskir úrskurðir þar sem sams konar eftirlitskerfi eru flokkuð í vörulið 8528. Röksemdir fyrir samtollun er að finna í aths. 4 við flokk XVI.
- 4) Sending nr. F 775 11 04 8 DE CGN Z027 innihélt neyðarljós sem voru flokkuð í tnr. 8531-9000 sem hlutar í öryggiskerfi en embættið lítur svo á, að þau skuli flokkast í tnr. 9405-1009.
- 5) Sending nr. D 778 22 08 9 LU LUX V914 (s). Að mati embættisins var hér um að ræða talnastjórnborð sem flokkað var í tnr. 8531-9000 sem hluti í öryggisbúnað en skal að mati embættisins flokkast í tnr. 8537-1001, sbr. túlkunarreglu tollskrár nr. 1. Hvað varðar stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfisins, þá er hún nefnd í tnr. 8537-1001 og sökkull fyrir hana samtollast með henni. Þá voru í sendingu þessari ljós sem flokkuð voru í tnr. 8531-9000, en að mati embættisins skulu þau hins vegar flokkast í tnr. 9405-1009.
- 6) Sending nr. F 775 12 08 9 DE CGN Z040 (s). Innihélt m.a. brunaboða, talnastjórnborð og reykskynjara. Tollstjóri telur að rofar flokkist í tnr. 8536-5000, að brunaboðar sérinnfluttir tollflokkaðir sem rofar í tnr. 8536-5000. Um sé að ræða rofa þar sem sá sem sér eld ýtir á brunaboðann og kveikir á viðvörðunarkerfi. Þá flokkist talnastjórnborð í tnr. 8537-1001. Reykskynjarar flokkist í tnr. 8531-1000 þar sem þeir eru nefndir í því tollskrárnúmeri í tollskránni, þ.e. innbrota- og brunaviðvörðunarkerfi og áþekk tæki, en líta verði á reykskynjara sem viðvörðunarkerfi/tæki í sjálfu sér. Þá flokkast geislareykskynjarar í tnr. 9022-2900. Að lokum flokkast tengibúnaður að mati embættisins í tnr. 8536-9000.
- 7) Sending nr. F 775 09 06 9 DE CGN Z020 (s) Sending þessi inniheldur m.a. geislareykskynjara sem að mati embættisins flokkast í tnr. 9022-2900. Talnastjórnborð ber að flokka í tnr. 8537-1001. Að lokum voru endurhlaðanlegar rafhlöður flokkaðar í tnr. 8531-9000 en að mati embættisins skulu þær flokkast í tnr. 8507-8099.
- 8) Sending nr. F 775 14 08 8 DE CGN Z016. Í sendingu þessari voru allar vörur skv. vöruþreikningi flokkaðar í tnr. 8531-9000. Að mati embættisins skyldu talnastjórnborð hins vegar flokkast í tnr. 8537-1001, flokkun kapals sé rétt í tnr. 8544-5909, tengibúnaður flokkist í tnr. 8536-9000, hugbúnaður flokkist í tnr. 8524-3101 og símabúnaður flokkist í tnr. 8517-8000.
- 9) Sending nr. F 213 02 07 7 DK CPH Z012. Hér var um ljósabúnað (neyðarljós) að ræða sem flokkuð voru í tnr. 8531-9000, þ.e. sem hlutar til öryggiskerfa, en að mati embættisins skulu þau flokkast í tnr. 9405-1009.
- 10) Sending nr. Y 501 27 10 7 GB EMA D112. Þessi sending inniheldur m.a. nema, sem að mati embættisins ber að tollflokka í tnr. 9033-0000 og brunaboða sem beri að flokka í tnr. 8536-5000.
- 11) Sending nr. F 213 21 05 7 DK CPH Z013. Hér var um að ræða lýsingartæki (neyðarljós). Voru vörur þessar flokkaðar í tnr. 8531-9000, þ.e. sem hlutar til öryggiskerfa, en að mati embættisins skulu þær flokkast í tnr. 9405-1009.

Í sendingu nr. F 775 17 08 9 DE CGN Z047. (s) og nr. Y 501 30 10 7 GB EMA D091) voru rafmagnssegla sem vinna á 12-24 V DC. Innflytjandi vill að umræddar vörur verði tollflokkaðar í tnr. 8505-1900 og er tollstjóri sammála þeirri niðurstöðu. Ekki kom til breytinga á tollflokkan af sendingu nr. F 775 27 08 9 DE CGN Z006. Í öllum breytingartilfellum vísar tollstjóri til túlkunarreglu 1 við tollskrá.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna þeirra sendinga sem hlutu SMT-tollafgreiðslu er byggð á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaganna nr. 55/1987, með síðari breytingum. Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna annarra sendinga er byggð á 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þá segir að samkvæmt 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaganna sé heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Þegar litið er til vara þeirra sem hér um ræðir, tollskrárinnar og túlkunarreglna hennar, er það mat embættisins að innflytjandi hafi mátt vita um rétta tollflokkun varanna.

Endurákvörðun tollstjóra á ofanskráðum sendingum felur í sér vangreidd aðflutningsgjöld sundurliðað á sendingarnúmer sem hér segir:

	Tollur	QA-gj. BC-gj.	Vörugj.	VSK.	Samtals
1) F 775 11 08 9 DE CGN Z033		236-	23.552-	5.828-	29.616-
2) F 775 26 08 9 DE CGN Z055		90-	8.951-	2.215-	11.256-
3) F 303 02 02 9 NO OSL 5051	41.271-	678-	147.887-	46.510-	236.346-
4) F 775 11 04 8 DE CGN Z027		178-	17.844-	11.122-	29.144-
5) D 778 22 08 9 LU LUX V914	1.199-	70-	1.978-	795-	4.042-
6) F 775 12 08 9 DE CGN Z040		451-	12.222-	3.104-	15.777-
7) F 775 09 06 9 DE CGN Z020	314-	116-	517-	232-	1.179-
8) F 775 14 08 8 DE CGN Z016		193-	874-	261-	1.328-
9) F 213 02 07 7 DK CPH Z012	8.276-	124-	13.656-	5.404-	27.460-
10) Y 501 27 10 7 GB EMA D112		45-	4.526-	1.119-	5.690-
11) F 213 21 05 7 DK CPH Z013		243-	24.335-	6.022-	30.600-

Samtals kr. 392.438,00-, auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. rgl. nr. 61/1989, um greiðslustað, gjaldþaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

Í kröfugerð sinni fer kærandi fram á að allir hlutir sem tengist brunavarnar- og eftirlitskerfum verði tollflokkaðir eins og um fullbúið kerfi sé að ræða í tnr. 8531-9000. Kærandi heldur því fram að alltaf sé verið að flytja inn "heilt ákveðið kerfi" hvort sem um er að ræða stækkun, viðhald, breytingu eða nýtt kerfi.

Ríkistollstjóra var sent málið til umsagnar. Í svari hans sem barst nefndinni þann 28. ágúst s.l. segir m.a. að ekki sé ágreiningur milli innflytjanda og tollstjóra um að þau tæki og búnaður sem hér um ræðir séu ætluð til nota með eða í viðvörunarkerfi. Ágreiningurinn sé um það hvort hlutirnir flokkist sem hlutir í slík kerfi í tnr. 8531.9000 eða í aðra vöruliði tollskrár eftir eðli þeirra. Síðan segir orðrétt: "Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: *"Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:....."*

Við XVI. flokk er sérstök athugasemd, númer 2, sem fjallar um það hvernig flokka skuli hluti til véla í þeim flokki, þ.e. köflum 84 og 85. Í samræmi við 1. almennu túlkunarreglu tollskrár fer því flokkun þeirra vara sem hér eru til umfjöllunar fyrst og fremst eftir þeirri athugasemd og orðalagi í viðkomandi vöruliði. Athugasemd 2 við XVI. flokk hljóðar svo: *"Leiði ekki annað af 1. athugasemd við þennan flokk, 1. athugasemd við 84. kafla og 1. athugasemd við 85. kafla flokkast hlutar til véla (sem ekki eru hlutar til vara í nr. 8484, 8544, 8545, 8546 eða 8547) svo sem hér segir:*

- Hlutar sem eru vörur meðtaldar í einhverjum af vöruliðum 84. eða 85. kafla (þó ekki nr. 8409, 8431, 8448, 8466, 8473, 8485, 8503, 8522, 8529, 8538 og 8548) flokkast alltaf í viðkomandi vöruliði.*
- Aðrir hlutar sem eingöngu eða aðallega má nota við ákveðna vél eða fleiri vélar sem teljast til sama vöruliðar (þar með taldar vélar í nr. 8479 eða 8543) flokkast með þeim vélum eða í nr. 8409, 8431, 8448, 8473, 8503, 8522, 8529 eða 8538 eftir því sem við á. Hlutar sem jöfnum höndum má nota í vörur í nr. 8517 og nr. 8525-8528 teljast þó til nr. 8517.*

- c. *Allir aðrir hlutar teljast til nr. 8409, 8431, 8448, 8466, 8473, 8503, 8522, 8529 eða 8538 eftir því sem við á eða, verði því ekki við komið, í nr. 8485 eða 8548.*”

Alþjóðatollastofnunin hefur gefið út skýringarrit með tollnafnaskránni (Explanatory notes). Í almennum skýringum við XVI. flokk er að finna skýringar við flokkun hluta til vara í flokknum, sbr. áður nefnd athugasemd 2 við flokkinn. Skýringar þessar eru á bls. 1225 í ritinu og er sérstaklega bent á liði (12) og (13) varðandi flokkun á raftengibúnaði, brettum, töflum og stjórnborðum í vöruliði 8535-8537.

Samkvæmt 1. almennu túlkunarreglu tollskrár og athugasemd 2. a. við XVI. flokk eru því hlutir sem eru meðtaldir í einhverjum af vöruliðum 84. eða 85. kafla alltaf flokkaðir í þann vörulið en ekki annars staðar.”

Á grundvelli þess sem að ofan er ritað er ríkistollstjóri sammála tollstjóra um flokkun þeirra vara sem hér um ræðir. Sökklaar fyrir reykskynjara séu í raun tengibúnaður sem tengir skynjarann við viðvörunarkerfið. Slíkur búnaður sé nefndur í vöruliði 8436. Það sama gildi um tengibúnað fyrir innbrotaviðvörunarkerfi, slíkur raftækjabúnaður til að tengja, rjúfa eða vernda rafrásir, fyrir 1000 volta spennu eða minni er talinn í vöruliði 8536. Stjórnborð eru nefnd í vöruliði 8437 og skiptir þar engu máli fyrir hvaða búnað þau eru. Handboði fyrir brunaviðvörunarkerfi sé í raun ekkert annað en rofi til að setja kerfið í gang handvirkir og þeir séu nefndir í vöruliði 8536. Rafleiðarar, vír, einnig með tengihlutum, séu einnig nefndir í vöruliði 8544 og endurhlaðanlegar rafhlöður séu í raun rafgeymar og nefndar í vöruliði 8507. Hugbúnaður sé flokkaður eftir þeim miðli sem hann er ritaður á í vöruliði 8524, og raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma á línu (upphringibúnaður og módem) nefndur í vöruliði 8517. Ríkistollstjóri telur að lyklaborð og spjöld til stækkunar á innbrotaviðvörunarkerfi teljist til vöruliðar 8537, þar sem lyklaborð sé í sjálfu sér stjórnborð og hvoru tveggja er búið tveim eða fleiri tækjum í nr. 8535 eða 8536, eins og texti vöruliðar 8537 tiltekur. Hann er ekki sammála tollstjóra að þessi tæki gætu hugsanlega átt heima í vöruliði 8538, þar sem í þann vörulið flokkast eingöngu hlutir sem ekki eru búnir fyrrgreindum tækjum.

Ríkistollstjóri er sammála tollstjóra um að reykskynjarar séu heilt brunaviðvörunarkerfi þar sem þeir innihalda bæði skynjunarbúnað og merkjabúnað sbr. skýringar (F) við vöruliði 8531 á bls. 1497 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar. Þar sé frávisunarathugasemd sem vísar frá vöruliðnum brunaviðvörunarkerfum með skynjara er innihaldi geislavirkt efni. Slíkum búnaði sé vísað í vöruliði 9022. Sjá einnig skýringar (II) (4) við vöruliði 9022 á bls. 1625. Er það í samræmi við frávisunarathugasemd 1. m. við XVI flokk sem vísar frá flokknum vörum í 90. kafla. Þar sem jónískir reykskynjarar innihalda geislavirkt efni er embættið sammála flokkun tollstjóra á þeim í tnr. 9022.2900.

Kærandi hefur bent á athugasemd 4. við XVI. flokk sem tiltekur að vélar ætlaðar til þess að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taki til, skuli í heild flokkast í þann vörulið.

Ríkistollstjóri telur að flestar þær sendingar sem hér um ræðir innihaldi eingöngu hluta af viðvörunarkerfi, eða hluti sem síðar verða hluti af viðvörunarkerfi. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki hægt að líta svo á að um sé að ræða heila vél sem vöruliður 8531 taki til. Ekki sé heldur hægt að líta svo á að um sé að ræða ófullgerða vöru eða vöru sem eitthvað vantar á í skilningi túlkunarreglu 2. a. við tollskrá þar sem þar er skilyrt að vörurnar verði við framvísun að öllu verulegu leyti að líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Því sé ekki til að dreifa í þessu tilviki. Eins og áður hafi komið fram séu meginhlutar viðvörunarkerfa, sem flokkast í vöruliði 8531, skynjunarbúnaður og merkjabúnaður. Þegar annar hvor hlutinn sé ekki til staðar í sendingunni sé ekki hægt að líta svo á að búnaðurinn líti að öllu verulegu leyti út eins og fullbúið kerfi. Aðrir hlutir, svo sem stjórnborð, stækkunar, tengihlutir, hugbúnaður og símabúnaður eru aukabúnaður sem auki eða víkki virkni búnaðarins en séu ekki nauðsynlegir með tilliti til megintilgangs hans, sem sé að skynja hættu og láta vita með hljóð- eða ljósmerki.

Með vísan í ofanritað og forsendur hinnar kærðu ákvörðunar krefst ríkistollstjóri þess að hún verði staðfest, þó með þeirri breytingu að sökklaar í sendingu nr. F 775 09 06 9 DE CGN Z020 flokkist í tnr. 8536.9000 en ekki 8537.1001. Ekki er um að ræða neinn gjaldamun á vörum í þessum númerum.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og haldið fundi um málið. Í máli þessu er deilt um tollflokkun á vörum í brunaviðvörunarkerfi. Tollstjóri gerði athugasemd við 14 sendingar sem fluttar höfðu verið inn og tollafgreiddar á svokölluðum SMT og ET afgangslum. Endurákvörðun til hækkunar tekur til 11 vörusendinga, hækkun aðflutningsgjalda nemur kr. 392.438. Kærandi gerir kröfu um að hlutir sem tengjast brunaviðvörunarkerfum verði tollflokkaðir eins og um fullbúið kerfi væri að ræða, þ.e. í tnr. 8531-9000.

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja ákveðnum reglum, þ.e. “Almennum reglum um túlkun tollskrár”. Reglurnar eru sex og skal fara eftir fyrstu reglunni og beita þeim síðari og þá í rétttri númeraröð þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum. Fyrsta reglan er svohljóðandi “Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:.....” Þá eru leiðbeiningar og úrskurðir Alþjóðatollastofnunarinnar hafðir til leiðbeiningar þó svo að slík gögn hafi ekki lagagildi hér á landi. Með vísan til framanritaðs fallast nefndarmenn ekki á kröfur kæranda.

Það er mat nefndarmanna að tollstjórnin í Reykjavík hafi flokkað vöru þá sem hér er deilt um tollflokkun á í samræmi við nefndar túlkunarreglur tollskrár. Ríkistollanefnd fellst á tollflokkun tollstjórans í Reykjavík þó með þeim breytingum sem ríkistollstjóri gerir í sinni kröfugerð, þ.e. að sökklaar í sendingu nr. F 775 09 06 9 DE CGN Z020 flokkist í tnr. 8536.9000 en ekki 8537.1001.

Með vísan til þess sem hér er að framan hefur verið rakið, rökstuðnings tollstjóra og ríkistollstjóra skal hin kærða endurákvörðun tollstjóra frá 8. mars 2000 standa óbreytt að teknu tilliti til nefndrar breytingar ríkistollstjóra. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, svo og rökstuðnings tollstjóra með vísan til blaðsíða 3/4

Almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1, úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða endurákvörðun tollstjóra frá 8. mars 2000, þar sem endurákvörðuð eru aðflutningsgjöld af 11 vörusendingum að fjárhæð 392.438,00 skuli standa óbreytt.